



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 28. mars 2007

Ákvörðun nr. 9/2007

Ákvörðun um dagsektir vegna vanrækslu Mest ehf. á tilkynningu um samruna

1.

Málavextir

Í upphafi árs 2006 var greint frá því í fjölmiðlum að Steypustöðin hf. og Merkúr ehf. hefðu sameinast undir nafninu Mest ehf. Með bréfi, dags. 13. febrúar 2006 vakti Samkeppniseftirlitið athygli Mest á skyldu til tilkynningar samruna samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga. Var þar jafnframt vísað til reglna nr. 881/2005, um tilkynningu um samruna og viðauka þeirra þar sem fjallað er um hvaða upplýsingar skuli vera í tilkynningu um samruna til eftirlitsins. Ekki bárust svör frá aðilum við bréfi Samkeppniseftirlitsins.

Hinn 12. júlí 2006 birtist tilkynning um samruna Merkúr og Steypustöðvarinnar (síðar Mest) í Lögbirtingarblaðinu. Þann 5. október 2006 sendi fyrirtækið Mest frá sér fréttatilkynningu þar sem fram kom að Mest og byggingarvöruverzlunin Súperbygg ehf. hefðu sameinast „undir merkjum Mest ehf.“. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins dags. 31. október vakti eftirlitið athygli á skyldu aðila til að tilkynna hinn nýja samruna til eftirlitsins. Þar var efni fyrra bréfs einnig áréttað hvað varðar samruna Steypustöðvarinnar og Merkúr. Þá var aðilum bent á að brot á tilkynningarskyldu skv. 17. gr. samkeppnislaga varðaði viðurlögum skv. IX. kafla laganna.

Umbeðnar tilkynningar höfðu ekki borist í janúar 2007. Var aðilum því sent bréf dags. 8. janúar 2007 þar sem enn var ítrekuð tilkynningarskylda til Samkeppniseftirlitsins vegna samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Jafnframt krafðist Samkeppniseftirlitið þess að Mest sendi tilkynningu um framangreinda samruna með vísan til tilkynningarskyldu 17. gr. laganna svo og upplýsingaskyldu 19. gr. Var gefinn frestur til mánudagsins 15. janúar til að verða við framangreindri kröfu og jafnframt tekið fram, að hefðu tilkynningarnar ekki borist fyrir lok frestsins yrði beitt dagsektarúrræði 38. gr. samkeppnislaga.



Þann 11. janúar 2007, barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá Ólafi Kristinssyni lögmanni hjá Deloitte fyrir hönd Mest, dags. 10. janúar. Þar var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna Mest og Merkúr annars vegar og Mest og Súperbygg hins vegar. Bréfinu fylgdu grunnupplýsingar um félögin og stutt samantekt. Þá fylgdu bréfinu ýmis gögn s.s. ársreikningar auk samrunaáætlunar Merkúr og Steypustöðvarinnar. Í tilkynningu aðila var beðist velvirðingar á þeim drætti sem orðið hafði á því að tilkynna til Samkeppniseftirlitsins samruna Merkúr og Steypustöðvarinnar. Hvað drátt á tilkynningu samruna Mest og Súperbygg varðar var því borið við að þrátt fyrir tilkynningu félaganna haustið 2006 um fyrirhugaðan samruna hefði ekki enn orðið af umræddum samruna. Þegar nánari ákvörðun hefði verið tekin myndu Samkeppniseftirlitinu hins vegar verða sendar þær upplýsingar og gögn sem áskilin eru samkvæmt samkeppnislögum. Hinn 16. janúar barst eftirlitinu bréf frá lögmanni aðila ásamt „viðbótarupplýsingum“. Meðfylgjandi voru rekstar- og efnahagsreikningur Merkúr fyrir árið 2004, ársreikningur Steypustöðvarinnar fyrir árið 2004 auk ársreiknings Súperbygg vegna sama árs. Með bréfinu var ekki að finna neinar frekari upplýsingar um umrædda samruna en komið höfðu fram í fyrra bréfi lögmannsins dags. 10. janúar.

Með bréfi dagsettu 23. janúar 2007 tilkynnti Samkeppniseftirlitið aðilum að þær upplýsingar sem fram hefðu komið í bréfi og fylgdu tilkynningum aðila um samruna Merkúr og Steypustöðvarinnar (síðar Mest ehf.) undir merkjum Mest annars vegar, og Mest og Súperbygg hins vegar hefðu í verulegum atriðum verið áfátt. Að mati eftirlitsins skorti mjög á að í tilkynningunni væru tilgreindar þær upplýsingar svo sem áskilið er samkvæmt reglum nr. 881/2005, um tilkynningu samruna (samrunaskrá), og viðauka við þær þar sem taldar eru þær upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja. Var aðilum bent á að þær upplýsingar skorti að mestu sem tilgreindar eru í köflum 2-12 í viðauka við reglurnar og leiðbeint um hvar þær reglur og viðauka væri að finna. Var því beint til samrunaaðila að leggja fram þær upplýsingar sem áskilið er að komi fram í tilkynningum um samruna sem allra fyrst. Að lokum voru aðilar minntir á að skv. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hæfist frestur eftirlitsins til athugunar á samkeppnislegum áhrifum samruna skv. 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga ekki fyrr en fullnægjandi tilkynning hefði borist Samkeppniseftirlitinu.

Umbeðnar upplýsingar bárust ekki. Þann 28. febrúar sl. var lögmanni Mest boðsent bréf Samkeppniseftirlitsins, þar sem fyrri krafa um þær upplýsingar sem áskildar eru samkvæmt samkeppnislögum um fyrrgreinda samruna og samrunaaðila var ítrekuð. Var gefinn frestur til loka dags föstudaginn 9. mars 2007 til að verða við kröfunni, og tekið fram að hefðu upplýsingar og gögn ekki borist Samkeppniseftirlitinu fyrir lok frestsins yrði tekin ákvörðun um álagningu dagsekta á grundvelli 38. gr. samkeppnislaga. Ekkert svar barst frá aðilum og varð Mest ekki við kröfunni fyrir lok frestsins.



2.

Samkvæmt 38. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið, ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt samkeppnislögum, lagt á dagsektir þar til farið verður að ákvörðuninni. Með dagsektum er átt við þvingunaraðferð til þess að knýja fram efndir. Samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið krafist einstök fyrirtæki, fyrirtækjahópa og samtök fyrirtækja sem samkeppnislög taka til, um allar upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála svo og afhendingar gagna til athugunar. Með 19. gr. samkeppnislaga hefur löggjafinn veitt Samkeppniseftirlitinu ríkar heimildir til öflunar gagna, enda reynir mjög á upplýsingagjöf við framkvæmd samkeppnislaga.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga er aðilum skylt að tilkynna til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja sem fellur undir 17. gr. laganna. Skal slík tilkynning send Samkeppniseftirlitinu eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfiráðum í fyrirtæki. Frestur til tilkynningar hefst samkvæmt ákvæðinu þegar eitt af þessu þrennu hefur átt sér stað. Í slíkri tilkynningu skal veita upplýsingar um samrunann og þau fyrirtæki sem honum tengjast, skv. reglum Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu samruna nr. 881/2005.

3.

Í 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga kemur fram að tilkynna beri Samkeppniseftirlitinu um samruna eigi síðar en einni viku eftir að samningi um hann er lokið eða tilkynnt er opinberlega um yfirtökuboð eða að tiltekinn aðili hafi náð yfiráðum í fyrirtæki. Þá segir að frestur hefjist þegar eitt af þessu hefur gerst.

Í málinu liggur fyrir að tilkynningarskyldur samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga átti sér stað milli Mest og Merkúr með því að yfirtökufélagið Mest tók við öllum réttindum og skyldum Merkúr þann 31. desember 2005, sbr. það sem kemur fram í bréfi Deloitte f.h. Mest til Samkeppniseftirlitsins þann 10. janúar 2007.

Þá liggur einnig fyrir að í október 2006 var tilkynnt um samruna félaganna Mest og Súperbygg sbr. frétt í Morgunblaðinu 7. október 2006 þar sem kemur fram að öll starfsemi Súperbygg kæmi til með að fara fram undir merkjum Mest frá og með 9. október 2006.

Í þessu sambandi ber að athuga að samkvæmt áður nefndri 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga verður tilkynningarskylda vegna samruna m.a. virk við að tilkynnt er opinberlega um yfirtökutilboð eða að aðili hafi náð yfiráðum í fyrirtæki. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilkynningarskylda vegna samruna Mest og Súperbygg hafi orðið virk í síðasta lagi 7. október 2006. Að þessu leyti gætir misskilnings í bréfi Deloitte f.h. Mest dags. 10. janúar 2007 þar



sem því virðist borið við að tilkynningarskyldan hefði ekki orðið virk sökum þess að samruninn væri enn ekki fullfrágenginn.

4.

Eins og nánar er rakið hér að ofan hefur Samkeppniseftirlitið ítrekað vakið athygli á lögboðinni tilkynningarskyldu Mest á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga vegna samruna Mest og Merkúr annars vegar og Mest og Súperbygg hins vegar. Þá tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun þar sem krafist var afhendingar samrunatilkynningar í samræmi við kröfu 17. gr. samkeppnislaga á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga sem var kynnt Mest með bréfi eftirlitsins þann 8. janúar sl.

Í ljósi framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að Mest hafi með ítrekuðu athafnaleysi sínu vanrækt ótvíræða lagaskyldu um tilkynningu samruna annars vegar og ákvörðun tekna með stoð í 19. gr. samkeppnislaga hins vegar. Telur eftirlitið því óhjákvæmilegt að beita heimild 38. gr. samkeppnislaga og taka ákvörðun um álagningu dagsekta vegna nefndrar vanrækslu Mest ehf.

Ákvörðunarorð:

„Mest ehf. hefur ekki farið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins skv. 19. gr. samkeppnislaga, um að veita þær upplýsingar sem skulu koma fram í tilkynningum um samruna samkvæmt 3. mgr. 17. gr. samkeppnislaga og reglum nr. 881/2005, um tilkynningu samruna.

Af þessum orsökum og með heimild í 38. gr. laganna leggur Samkeppniseftirlitið dagsektir á Mest ehf. Skal Mest ehf. greiða 250.000 kr. á dag þar til fullnægjandi samrunatilkynningar hafa borist Samkeppniseftirlitinu. “

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson